

2022 nr. 77 28. júní**Lög um sorgarleyfi**

Tóku gildi 1. janúar 2023. Um lagaskil sjá nánar 37. gr. og brbákv.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og vinnumarkaðsráðherra** eða **félags- og vinnumarkaðsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið, markmið og orðskýringar.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til réttinda foreldra sem hafa verið í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði til sorgarleyfis sem og greiðslna til að koma til móts við tekjutap þeirra á því tímabili sem sorgarleyfi varir. Lög þessi taka einnig til réttinda foreldra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli og foreldra í fullu námi til sorgarstyrks.

■ 2. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að tryggja foreldrum svigrúm til sorgarúrvinnslu í kjölfar barnsmíssis og eftir atvikum til að styðja við eftirlifandi systkin við aðlagast breyttum aðstæðum. Þá er lögnum ætlað að auka líkur á að foreldrar geti átt farsæla endurkomu á vinnumarkað og geti tekið virkan þátt í samfélaginu að nýju í kjölfar barnsmíssis.

■ 3. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Barn*: Einstaklingur sem er yngri en 18 ára.

2. *Barnsmíssir*: Þegar foreldri verður fyrir því að barn þess andast.

3. *Foreldri*: Foreldri og/eða forsjáraðili barns samkvæmt ákvæðum barnalaga, sem og aðrir sem hafa gegnt foreldraskyldum gagnvart viðkomandi barni í lengri tíma en síðustu 12 mánuði fyrir barnsmíssi.

4. *Fullt nám*: 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, við viðurkennda menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem varir í a.m.k. sex mánuði og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

5. *Samfellt starf*: A.m.k. 25% starfshlutfall í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almanaksmánuðum. Enn fremur teljast til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í a–f-lið 2. mgr. 14. gr.

6. *Sorgarleyfi*: Leyfi foreldris frá launuðum störfum á innlendum vinnumarkaði í kjölfar barnsmíssis, sem og við fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu.

7. *Sorgarstyrkur*: Styrkur til foreldris utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli og foreldris í fullu námi í kjölfar barnsmíssis, sem og við fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu.

II. kafli. Stjórnsýsla.**■ 4. gr. Yfirstjórn.**

□ Ráðherra sem fer með vinnumál fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

■ 5. gr. Framkvæmdaraðili.

□ Vinnuálastofnun fer með framkvæmd laga þessara og annast greiðslur, sbr. IV. og VI. kaffla, til foreldra sem nýta rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi eða sorgarstyrks.

□ Kostnaður vegna greiðslna til foreldra í sorgarleyfi og sorgarstyrks greiðist úr rkissjóði.

■ 6. gr. Kæruheimild.

□ Heimilt er að kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnuálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum laga um úrskurðarnefnd velferðarmála og almennum málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga.

□ Úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála um endurkröfu ofgreiðslna samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfir.

□ Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála. Stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Vinnuálastofnunar um endurkröfu ofgreiðslna í sorgarleyfi eða ofgreidds sorgarstyrks, sbr. 28. gr.

III. kafli. Sorgarleyfi.**■ 7. gr. Réttur foreldris til sorgarleyfis vegna barnsmíssis.**

□ Foreldri sem hefur verið í samfelldu starfi á sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis í allt að sex mánuði frá þeim degi sem það verður fyrir barnsmíssi.

□ Réttur til sorgarleyfis skv. 1. mgr. stofnast þann dag sem foreldri verður fyrir barnsmíssi og fellur niður 24 mánuðum síðar.

■ 8. gr. Réttur foreldris til sorgarleyfis vegna andvanafæðingar eða fósturláts.

□ Foreldri sem hefur verið í samfelldu starfi á sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis í allt að þrjú mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu á foreldri sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis í allt að tvo mánuði frá þeim degi sem fósturlátið á sér stað.

□ Réttur til sorgarleyfis skv. 1. mgr. stofnast við andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu og fellur niður 24 mánuðum eftir andvanafæðingu eða fósturlát.

□ Tímalengd meðgöngu skv. 1. mgr. skal staðfest með vottorði sérfræðilæknis og skal Vinnuálastofnun berast frumrit af vottorðinu. Hafi foreldrar ekki verið í hjúskap eða skráðri sambúð við andvanafæðingu eða fósturlát skv. 1. mgr. skulu á vottorðinu jafnframt koma fram upplýsingar um foreldra.

■ 9. gr. Tilkynning um sorgarleyfi.

□ Þegar foreldri sem vinnur launað starf í annarra þjónustu hyggst nýta rétt sinn til sorgarleyfis skal foreldrið tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er með sannanlegum hætti, svo sem rafrænt eða skriflega, og skal þar tilgreina upphafsdag, lengd og tilhögun sorgarleyfis að öðru leyti.

□ Vilji foreldri breyta áður tilkynntri tilhögun sorgarleyfis ber foreldrinu að tilkynna það vinnuveitanda a.m.k. einni viku fyrir upphafsdag nýrrar tilhögunar sorgarleyfis og tilgreina þar eftir því sem við á nýjan upphafsdag, lengd og tilhögun sorgarleyfis að öðru leyti.

■ 10. gr. Tilhögun sorgarleyfis.

□ Foreldri sem vinnur launað starf í annarra þjónustu skal eiga rétt á að nýta rétt sinn til sorgarleyfis í einu lagi.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er foreldri heimilt með samkomulagi við vinnuveitanda að haga sorgarleyfi á þann veg að það skiptist niður á fleiri en eitt tímabil og/eða það verði nýtt samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Þó má aldrei nýta rétt til sorgarleyfis skemur en í hálfan mánuð í senn. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir foreldris um tilhögun sorgarleyfis samkvæmt ákvæði þessu.

□ Óski foreldri eftir að haga sorgarleyfi með tilteknum hætti, sbr. 2. mgr., en vinnuveitandi getur ekki komið til móts við óskir foreldrisins skulu vinnuveitandinn og foreldrið komast að samkomulagi um aðra tilhögun sorgarleyfisins innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar um nýtingu á rétti til sorgarleyfis, sbr. 9. gr. Skal það gert rafrænt eða skriflega og ástæður tilgreindar fyrir breyttri tilhögun.

□ Ef samkomulag næst ekki milli foreldris og vinnuveitanda um nýtingu foreldrisins á rétti til sorgarleyfis, sbr. 3. mgr., á foreldrið rétt á að nýta rétt sinn til sorgarleyfis í einu lagi, sbr. 1. mgr., frá þeim upphafsdegi sem foreldrið ákveður.

■ **11. gr. Uppsöfnun og vernd réttinda.**

□ Sorgarleyfi reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem veikindarétti sem og rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, uppsagnarfrests og atvinnuleysisbóta.

IV. kafli. Greiðslur í sorgarleyfi.

■ **12. gr. Umsókn um greiðslur í sorgarleyfi.**

□ Foreldri skal sækja um greiðslur í sorgarleyfi hjá Vinnu-
málastofnun. Umsóknin skal vera á því formi sem Vinnu-
málastofnun ákveður, svo sem rafræn eða skrifleg, og skal fylgja henni afrit af tilkynningu um sorgarleyfi, sbr. 9. gr., þar sem fram kemur upphafsdagur, lengd og tilhögun sorgarleyfis að öðru leyti. Liggja fyrir samkomulag um aðra tilhögun sorgarleyfis en fram kom í tilkynningu um sorgarleyfi, sbr. 3. mgr. 10. gr., skal afrit af samkomulaginu jafnframt fylgja umsókninni.

□ Starfi foreldri við eigin rekstur skal það tekið fram í umsókninni og tilgreint um upphafsdag, lengd og tilhögun sorgarleyfis að öðru leyti.

■ **13. gr. Réttur foreldris til greiðslna í sorgarleyfi.**

□ Foreldri öðlast rétt til greiðslna í sorgarleyfi eftir að hafa verið þátttakandi á innlendum vinnumarkaði í sex mánuði fyrir barnsmissi, andvanafæðingu eða fósturlát og getur því verið um að ræða tímabil sem afmarkast ekki af heilum almánaksmánuðum.

□ Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnu-
málastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila þess í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu. Hafi foreldri hins vegar starfað á innlendum vinnumarkaði skemur en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnu-
málastofnun meta hvort viðkomandi teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laga þessara þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldrisins í öðru aðildarríki að framangreindum samningum á ávinnslutímabilinu. Skilyrði er að foreldrið hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru aðildarríki að framangreindum samningum. Með umsókn um greiðslur í sorgarleyfi skv. 12. gr. skulu fylgja tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru aðildarríki í samræmi við ákvæði framangreindra samninga.

■ **14. gr. Þátttaka foreldris á innlendum vinnumarkaði.**

□ Þátttaka foreldris á innlendum vinnumarkaði skv. 13. gr. felur í sér að foreldrið hafi verið í samfelldu starfi. Fullt starf foreldris sem vinnur launað starf í annarra þjónustu miðast

við 172 vinnustundir á mánuði en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf. Fullt starf foreldris sem starfar við eigin rekstur miðast við að viðkomandi hafi greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt og tryggingagjald af reiknuðu endurgjaldi eða launum er nemur að lágmarki viðmiðunarfrjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein eða sem samkvæmt kjarasamningi telst fullt starf.

□ Til þátttöku á innlendum vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi foreldris sem vinnur launað starf í annarra þjónustu samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi, þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti, og foreldri hafi á því tímabili sem um ræðir verið í a.m.k. 25% starfshlutfalli,

b. sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, sætir biðtíma eftir slíkum bótum, hefði átt rétt á slíkum bótum hefði foreldrið skráð sig án atvinnu eða foreldrið hefur hætt atvinnuleit tímabundið vegna orlofs erlendis og ekki hafa liðið meira en tíu virkir dagar þar til atvinnuleit hefur hafist að nýju samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysis-
tryggingar, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma fyrir framangreindar greiðslur verið a.m.k. 25%,

c. sá tími sem foreldri fær greiðslur úr Fæðingarorlofs-
sjóði á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldrið sótt um þær, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma fyrir framangreindar greiðslur verið a.m.k. 25%,

d. sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, sætir biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið sótt um þá á grundvelli laga um sjúkra-
tryggingar og laga um slysatryggingar almannatrygginga, eða fær greiðslur sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma fyrir framangreindar greiðslur verið a.m.k. 25%,

e. sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnuþjóns af völdum slyss, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma fyrir framangreindar greiðslur verið a.m.k. 25%,

f. sá tími sem foreldri fær tekjutengdar greiðslur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldri sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins, hafi starfshlutfall foreldris á viðmiðunartíma fyrir framangreindar greiðslur verið a.m.k. 25%.

□ Vinnu-
málastofnun metur á grundvelli laga um atvinnuleisistryggingar hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði það skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um ræðir, sbr. b-lið 2. mgr. Sama á við um hvort foreldri hefði átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði hefði foreldrið nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs fyrir þann tíma sem um ræðir, sbr. c-lið 2. mgr.

□ Sjúkratryggingastofnun metur á grundvelli laga um sjúkratryggingar og laga um slysatryggingar almannatrygginga hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði það sótt um þá fyrir þann tíma sem um ræðir, sbr. d-lið 2. mgr.

□ Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort foreldri hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum á

grundvelli þeirra laga hefði það sótt um þær fyrir þann tíma sem um ræðir, sbr. f-lið 2. mgr.

■ **15. gr.** *Viðmiðunartímabil og útreikningur á greiðslum í sorgarleyfi.*

□ Mánaðarleg greiðsla til foreldris í sorgarleyfi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds, eftir því sem við á, skv. 2. mgr. og skal miða við sex mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur almanaksmánuðum fyrir barnsmissi, andvanafæðingu eða fósturlát. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá almanaksmánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnnumarkaði, sbr. einnig a–f-lið 2. mgr. 14. gr., án tillits til þess hvort laun eða reiknað endurgjald hafi komið til. Aldrei skal þó miða við færri almanaksmánuði en þrjá við útreikning á meðaltali heildarlauna.

□ Til launa á innlendum vinnnumarkaði teljast hvers konar laun og aðrar þóknarir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Jafnframt skal telja til launa þau tilvik sem teljast til þátttöku á innlendum vinnnumarkaði skv. a–f-lið 2. mgr. 14. gr. Auk þess skal telja til launa greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003. Þegar um er að ræða 100% greiðslur á viðmiðunartímabili, í tengslum við tilvik sem falla undir a–f-lið 2. mgr. 14. gr. sem foreldri átti rétt á, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi foreldri hins vegar kosið að dreifa greiðslum, í tengslum við tilvik sem falla undir a–f-lið 2. mgr. 14. gr., hlutfallslega á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, launuðu eða ólaunuðu, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi á því viðmiðunartímabili sem um ræðir. Sama á við hafi foreldri kosið að dreifa greiðslum, í tengslum við tilvik sem falla undir a–f-lið 2. mgr. 14. gr., hlutfallslega á lengri tíma enda þótt foreldri hafi ekki verið í ráðningarsambandi á sama tíma. Aldrei skal taka mið af hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunartekjum sem miða skal við samkvæmt framangreindu enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli greiðslna, í tengslum við tilvik sem falla undir a–f-lið 2. mgr. 14. gr., og meðaltals heildarlauna bættan samhliða greiðslunum. Þegar greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, koma til á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við.

□ Útreikningur á greiðslum til foreldris í sorgarleyfi skal byggjast á upplýsingum sem Vinnumálastofnun aflar um tekjur viðkomandi úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattýfirvalda. Vinnumálastofnun skal leita staðfestingar hjá skattýfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattýfirvalda vegna viðmiðunartímabils skv. 1. mgr. Vinnumálastofnun ber að upplýsa foreldri um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

□ Skattýfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna án endurgjalds og á því formi sem óskað er.

■ **16. gr.** *Greiðslur í sorgarleyfi.*

□ Þrátt fyrir 1. mgr. 15. gr. skal mánaðarleg greiðsla til foreldris í sorgarleyfi aldrei nema hærri fjárhæð en 600.000 kr.

□ Þegar foreldri á rétt til greiðslna í sorgarleyfi skv. 13. gr. en hefur ekki starfað á innlendum vinnnumarkaði á viðmiðun-

artímabili skv. 15. gr. skal foreldrið öðlast rétt til lágmarks-greiðslna skv. 3. mgr. í samræmi við starfshlutfall þess.

□ Greiðsla til foreldris í sorgarleyfi sem hefur verið í 25–49% starfshlutfalli að meðaltali í hverjum almanaksmánuði á ávinnslutímabili skv. 13. og 14. gr. skal aldrei vera lægri en sem nemur 143.963 kr. á mánuði í réttu hlutfalli við tilhögun sorgarleyfis foreldris þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 4. mgr. og 10. gr. Greiðsla til foreldris sem hefur verið í 50–100% starfshlutfalli að meðaltali í hverjum almanaksmánuði á ávinnslutímabili skv. 13. og 14. gr. skal aldrei vera lægri en sem nemur 199.522 kr. á mánuði í réttu hlutfalli við tilhögun sorgarleyfis foreldris þann almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 4. mgr. og 10. gr.

□ Greiðslur í sorgarleyfi skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Ekki er heimilt að greiða foreldri lengra aftur í tímann en þrjá almanaksmánuði á undan þeim almanaksmánuði sem umsókn um greiðslur í sorgarleyfi skv. 12. gr. barst Vinnumálastofnun.

□ Meðan á sorgarleyfi stendur greiðir foreldri að lágmarki 4% af greiðslum í sorgarleyfi í lífeyrissjóð og Vinnumálastofnun að lágmarki 11,5% mótframlag. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

■ **17. gr.** *Skerðing á greiðslum.*

□ Réttur foreldris sem hefur verið í samfelldu starfi á innlendum vinnnumarkaði til greiðslna í sorgarleyfi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til sorgarleyfis skv. III. kafla og leggi niður launuð störf á því tímabili sem það nýtir rétt sinn til sorgarleyfis.

□ Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í sorgarleyfi sem mynda stofn til tryggingagjalds samkvæmt lögum um tryggingagjald og eru hærri en sem nemur mismun greiðslna í sorgarleyfi skv. 16. gr. og meðaltals heildarlauna á viðmiðunartímabili skv. 15. gr. í réttu hlutfalli við tilhögun sorgarleyfis foreldris í þeim almanaksmánuði eða hluta úr almanaksmánuði sem greitt er fyrir, sbr. 10. og 16. gr., skulu koma til frádráttar greiðslum í sorgarleyfi. Tekjur foreldris sem er í sorgarleyfi samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sbr. 2. mgr. 10. gr., sem eru í samræmi við meðaltal heildarlauna á viðmiðunartímabili skv. 15. gr. skulu ekki hafa áhrif á greiðslur í sorgarleyfi fyrir sama tímabil.

□ Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í sorgarleyfi í hverjum almanaksmánuði koma til frádráttar greiðslum í sorgarleyfi. Er þá átt við tímabil sem hefst frá og með fyrsta degi sorgarleyfis foreldris innan tiltekings almanaksmánaðar og lýkur frá og með þeim degi sem foreldrið nýtir ekki lengur rétt sinn til sorgarleyfis innan tiltekings almanaksmánaðar. Gildir hið sama hvort sem foreldri nýtir rétt sinn til sorgarleyfis að fullu eða samhliða minnkuðu starfshlutfalli á fyrirnefndu tímabili. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launahækkana sem rekja má til breytinga á störfum foreldris frá því að viðmiðunartímabili skv. 15. gr. lýkur og fram að fyrsta degi sorgarleyfis foreldris. Taka skal tillit til breytinga á framangreindu tímabili á sama hátt og gert er við útreikninga á meðaltali heildarlauna foreldris skv. 15. gr. Foreldri skal sýna fram á með skriflegum gögnum á hvaða grundvelli umræddar launahækkar byggjast og er Vinnumálastofnun heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi.

□ Hafi foreldri fengið óvenjuháar greiðslur frá vinnuveitanda fyrir eða eftir sorgarleyfi eða meðan á sorgarleyfi stendur miðað við tekjur á viðmiðunartímabili skv. 15. gr., þannig að ætla megi að þær hafi að hluta eða öllu leyti verið ætlaðar fyrir sama tímabil og það tímabil sem foreldri nýtir rétt sinn til sorgarleyfis, skal Vinnumálastofnun óska eftir að viðkomandi foreldri sýni fram á með skriflegum gögnum fyrir hvaða tímabil umræddar greiðslur hafa verið. Hið sama gildir um óvenjuháar greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris á tímabili þar sem foreldri hefur minnkað starfshlutfall sitt samhliða nýtingu réttar til sorgarleyfis. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi.

□ Foreldri sem á rétt til sorgarleyfis skv. III. kafla en uppfyllir ekki skilyrði 13. gr. á rétt á sorgarstyrk skv. 18. eða 19. gr., eftir því sem við getur átt. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í sorgarleyfi sem eru hærra en sem nemur mismun fjárhæðar sorgarstyrks og meðaltals heildarlauna foreldris skulu koma til frádráttar styrknum. Við útreikning á meðaltali heildarlauna samkvæmt þessari málsgrein skal miða við tvo almanaksmánuði fyrir barnsmíssi, andvanafæðingu eða fósturlát. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr., eftir því sem við getur átt.

V. kafli. Sorgarstyrkur.

■ **18. gr. Réttur foreldris utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli til sorgarstyrks.**

□ Foreldri utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli á sjálfstæðan rétt til sorgarstyrks í allt að sex mánuði frá þeim degi sem það verður fyrir barnsmíssi.

□ Réttur til sorgarstyrks skv. 1. mgr. stofnast við barnsmíssi og fellur niður 24 mánuðum síðar.

■ **19. gr. Réttur foreldris í fullu námi til sorgarstyrks.**

□ Foreldri sem hefur verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir barnsmíssi og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma á sjálfstæðan rétt til sorgarstyrks í allt að sex mánuði frá þeim degi sem það verður fyrir barnsmíssi. Foreldri skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi skóla um að það hafi verið skráð í fullt nám og hafi staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma. Heimilt er að taka tillit til ástundunar náms í stað námsárangurs þá skólaönn sem barnsmíssir á sér stað.

□ Réttur til sorgarstyrks skv. 1. mgr. stofnast við barnsmíssi og fellur niður 24 mánuðum síðar.

■ **20. gr. Réttur foreldris til sorgarstyrks vegna andvanafæðingar eða fósturláts.**

□ Foreldri á sjálfstæðan rétt til sorgarstyrks í allt að þrjú mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu á foreldri sjálfstæðan rétt til sorgarstyrks í allt að tvo mánuði frá þeim degi sem fósturlátið á sér stað.

□ Réttur til sorgarstyrks skv. 1. mgr. stofnast við andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu og fellur niður 24 mánuðum síðar.

□ Tímalengd meðgöngu skv. 1. mgr. skal staðfest með vottorði sérfræðilæknis og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af vottorðinu. Hafi foreldrar ekki verið í hjúskap eða skráðri sambúð við andvanafæðingu eða fósturlát skv. 1. mgr. skulu upplýsingar um foreldrana jafnframt koma fram í vottorðinu.

■ **21. gr. Undanþágur frá skilyrði um fullt nám.**

□ Heimilt er að greiða foreldri sorgarstyrk skv. 19. gr. þrátt fyrir að skilyrði um fullt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir barnsmíssi sé ekki uppfyllt hafi foreldri verið

í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr., fram að því að námið hófst enda hafi samfelldu starf og nám varað í a.m.k. sex mánuði.

□ Heimilt er að greiða foreldri sorgarstyrk sem námsmanni þegar foreldrið hefur lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 19. gr. og hefur síðan verið í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði enda hafi nám og samfelldu starf varað í a.m.k. sex mánuði.

□ Heimilt er að greiða foreldri sorgarstyrk sem námsmanni þrátt fyrir að það uppfylli ekki skilyrði um fullt nám við barnsmíssi, enda sé foreldri á síðustu önn námsins og ljóst að viðkomandi er að ljúka námi með prófgráðu.

□ Heimilt er að greiða foreldri sem er í námi sorgarstyrk þó að foreldrið uppfylli ekki skilyrði um fullt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir barnsmíssi, enda hafi foreldrið fengið greiðslur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldrið sótt um þær hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í slíkum tilvikum skal leggja fram staðfestingu frá skóla um að foreldrið hafi verið skráð í fullt nám.

□ Heimilt er að greiða foreldri sorgarstyrk skv. 19. gr. þó að það uppfylli ekki skilyrði um að hafa staðist kröfur um námsframvindu og/eða ástundun enda hafi það ekki getað stundað nám vegna veikinda eða slyss. Foreldri skal leggja fram vottorð frá þeim sérfræðilækni sem annast hefur það því til staðfestingar og skal Vinnumálastofnun berast frumrit af vottorðinu. Auk þess skal leggja fram staðfestingu frá skóla um að foreldrið hafi verið skráð í fullt nám.

□ Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort foreldrið hefði átt rétt á greiðslum á grundvelli þeirra laga hefði það sótt um þær fyrir þann tíma sem um ræðir, sbr. 4. mgr.

■ **22. gr. Lögheimilisskilyrði.**

□ Foreldri skal eiga lögheimili hér á landi, sbr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, við barnsmíssi, andvanafæðingu eða fósturlát, og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma til að geta átt rétt á greiðslu sorgarstyrks.

□ Foreldri sem fengið hefur dvalarleyfi hér á landi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga getur átt rétt á sorgarstyrk þrátt fyrir að hafa ekki verið með skráð lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir barnsmíssi, andvanafæðingu eða fósturlát, enda sé liðinn skemmri tími en 12 mánuðir frá veitingu dvalarleyfis og önnur skilyrði laga þessara eru uppfyllt.

□ Heimilt er að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfelldu í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Hið sama gildir þegar foreldri hefur flutt lögheimili sitt tímabundið og stundar fjarnám við íslenskan skóla á þeim tíma enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfelldu í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og fullnægi öðrum skilyrðum um sorgarstyrk til foreldra í fullu námi.

□ Hafi foreldri átt lögheimili hér á landi í a.m.k. einhvern tíma í mánuðinum fyrir barnsmíssi, andvanafæðingu eða fósturlát skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetu foreldris á viðmiðunartímabilinu í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi

milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 1. mgr., enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis lauk. Með umsókn um greiðslur sorgarstyrks skv. 24. gr. skulu fylgja tilskilin vottorð um búsetu-tíma og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði framangreindra samninga.

■ **23. gr. Tilhögun sorgarstyrks.**

□ Foreldri er heimilt að skipta greiðslutímabili sorgarstyrks yfir á fleiri en eitt tímabil. Þó getur greiðslutímabilið skemmst varað hálfan mánuð í senn.

VI. kafli. Greiðslur sorgarstyrks.

■ **24. gr. Umsókn um greiðslur sorgarstyrks.**

□ Foreldri skal sækja um sorgarstyrk hjá Vinnumálastofnun. Umsóknin skal vera á því formi sem Vinnumálastofnun ákveður, svo sem rafræn eða skrifleg, og skal þar tilgreina upphafsdag greiðslu sorgarstyrks til foreldris og lengd greiðslutímabils.

■ **25. gr. Greiðslur sorgarstyrks.**

□ Sorgarstyrkur til foreldris utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli skal aldrei vera lægri en sem nemur 87.062 kr. á mánuði. Sorgarstyrkur til foreldris í fullu námi skal aldrei vera lægri en sem nemur 199.522 kr. á mánuði.

□ Greiðslur sorgarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi almanaksmánuð eða hluta úr almanaksmánuði, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Heimilt er að hefja greiðslur sorgarstyrks til foreldris í þeim mánuði sem barnsmíssir, andvanafæðing eða fósturlát á sér stað. Ekki er heimilt að greiða foreldri sorgarstyrk lengra aftur í tímann en þrjá almanaksmánuði á undan þeim almanaksmánuði sem umsókn um greiðslur skv. 24. gr. barst.

■ **26. gr. Skerðing á greiðslum sorgarstyrks.**

□ Réttur foreldris til sorgarstyrks er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til sorgarstyrks skv. V. kafla. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris, sem eru hærri en sem nemur helmingi þeirrar styrkfjárhæðar sem foreldri hefur fengið greidda skv. 25. gr., skulu koma til frádráttar styrknum. Að öðru leyti gildir ákvæði 17. gr. eftir því sem við getur átt.

VII. kafli. Eftirlit, leiðrétting á greiðslum og endurmat réttinda.

■ **27. gr. Eftirlit.**

□ Vinnumálastofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. með því hvort foreldri hafi fengið hærri greiðslur í sorgarleyfi eða hærri sorgarstyrk en því bar, sbr. 28. gr.

□ Skattýfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar um tekjur foreldris úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Vinnumálastofnunar með framkvæmd laga þessara enda hafi viðkomandi foreldri verið upplýst um slíka ráðstöfun.

□ Vinnumálastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd eftirlits skv. 1. mgr.

□ Að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara, m.a. til að tryggja að foreldri fái ekki hærri greiðslur í sorgarleyfi eða hærri sorgarstyrk en því ber samkvæmt ákvæðum laganna, er heimilt við vinnslu

persónuupplýsinga, sbr. 3. mgr., að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar við upplýsingar frá skattýfirvöldum um tekjur foreldris úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá fyrir það tímabil sem foreldri nýtir rétt sinn til sorgarleyfis eða sorgarstyrks. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar séu sendar á milli stofnana umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrirframskilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

□ Komi fram við eftirlit með lögum þessum að ætla megi að foreldri hafi fengið hærri greiðslur í sorgarleyfi eða hærri sorgarstyrk en því bar samkvæmt ákvæðum laga þessara skal Vinnumálastofnun óska eftir að viðkomandi foreldri sýni fram á með skriflegum gögnum að svo hafi ekki verið. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingu frá vinnuveitanda á þeim gögnum sem foreldri leggur fram í þessu sambandi eftir því sem við á.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um framkvæmd eftirlits Vinnumálastofnunar samkvæmt ákvæði þessu.

■ **28. gr. Leiðrétting á greiðslum í sorgarleyfi og sorgarstyrk.**

□ Hafi breytingar orðið á tekjuskattsálagningu foreldris vegna tekna sem greiðslur í sorgarleyfi byggjast á, sbr. 3. mgr. 15. gr., skal Vinnumálastofnun leiðrétta greiðslur í sorgarleyfi til samræmis við álagningu skattýfirvalda.

□ Hafi foreldri fengið hærri greiðslur í sorgarleyfi eða hærri sorgarstyrk en því bar samkvæmt ákvæðum laga þessara miðað við álagningu skattýfirvalda eða af öðrum ástæðum ber foreldri að endurgreiða Vinnumálastofnun þá fjárhæð sem ofgreidd var.

□ Heimilt er að skuldajafna ofgreiðslum í sorgarleyfi eða ofgreiddum sorgarstyrk á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta eða vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt.

□ Um innheimtu ofgreiðslna í sorgarleyfi eða ofgreidds sorgarstyrks fer skv. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Ráðherra getur falið sérstökum innheimtuáðila að annast innheimtu.

□ Hafi foreldri fengið lægri greiðslur í sorgarleyfi en því bar samkvæmt álagningu skattýfirvalda ber Vinnumálastofnun að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til foreldris ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Vinnumálastofnunar. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála leiðir til þess að foreldri hafi átt rétt á greiðslum í sorgarleyfi eða sorgarstyrk en hafi verið synjað um greiðslur eða reiknaðar lægri greiðslur en því bar. Þegar greiðslur í sorgarleyfi eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum falla vextir niður.

□ Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiðslna í sorgarleyfi eða ofgreidds sorgarstyrks skv. 2. mgr. eru aðfararhæfar.

VIII. kafli. Sameiginleg ákvæði.

■ **29. gr. Réttur til starfs.**

□ Ráðningarsamband milli foreldris sem nýtir rétt sinn til sorgarleyfis og vinnuveitanda helst óbreytt í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtir rétt sinn til sorgarleyfis skal eiga rétt á að hverfa aftur til starfs síns að loknu sorgarleyfi. Sé þess

ekki kostur skal það eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

■ **30. gr. Vernd gegn uppsögn.**

□ Óheimilt er að segja foreldri sem nýtir rétt sinn til sorgarleyfis upp störfum á grundvelli þess að það hefur tilkynnt um nýtingu á rétti til sorgarleyfis eða er í sorgarleyfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni.

■ **31. gr. Skaðabótaskylda.**

□ Brjótí vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

■ **32. gr. Ósamrýmanleg réttindi.**

□ Foreldri sem nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtur greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtur slysatryggingar almennatrygginga, sjúkradagpeninga á grundvelli laga um sjúkratryggingar eða endurhæfingarlífeyris á grundvelli laga um félagslega aðstoð getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtur sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði stéttarfélags getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtur tekjutengdra greiðslna á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtur orlofslauna getur ekki á sama tímabili nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi.

□ Foreldri sem nýtur greiðslna vegna starfsloka, þ.m.t. orlofslauna, getur ekki nýtt rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi fyrir sama tímabil og þær greiðslur ná yfir. Fáir foreldri greidd orlofslaun vegna starfsloka á sama tímabili og foreldrið fær greiðslur í sorgarleyfi skal foreldri tilkynna Vinnuálastofnun um umrædd orlofslaun þegar í stað sem og fyrir hvaða tímabil orlofslaunin eru ætluð og er þá við það miðað að um sé að ræða tímabil fyrir lok næsta orlofsárs þar á eftir, sbr. lög um orlof. Á foreldri þá ekki rétt á greiðslum í sorgarleyfi fyrir sama tímabil og er þá litið svo á að sorgarleyfi foreldrisins frestist um þann tíma sé því ekki lokið og getur foreldrið sótt um breytingu á tilhögun sorgarleyfis eða greiðslu sorgarstyrks því til samræmis. Að öðru leyti, svo sem hvað varðar

aðrar greiðslur vegna starfsloka en orlofslaun, gildir ákvæði 17. gr. eftir því sem við getur átt.

□ Tekjutengdar greiðslur frá öðrum ríkjum vegna sama barnsmíssis, sömu andvanafæðingar eða sama fósturláts, fyrir sama tímabil, koma til frádráttar greiðslum í sorgarleyfi skv. IV. kafla.

■ **33. gr. Árleg endurskoðun fjárhæða.**

□ Fjárhæðir greiðslna til foreldris í sorgarleyfi skv. 16. gr. og greiðslna sorgarstyrks skv. 25. gr. skulu koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðunum, sbr. 1. mgr., til hækkunar um hver áramót ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

□ Komi til breytinga á fjárhæðum á grundvelli 1. eða 2. mgr. skal ráðherra setja reglugerð þar sem fjárhæðunum er breytt.

■ **34. gr. Fjárnám óheimilt.**

□ Óheimilt er að gera fjárnám í greiðslum í sorgarleyfi eða sorgarstyrk sem á eftir að inna af hendi. Þá er jafnframt óheimilt að ráðstafa greiðslum í sorgarleyfi eða sorgarstyrk til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

■ **35. gr. Milliríkjasamningar.**

□ Við framkvæmd laga þessara skal tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almennatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að.

■ **36. gr. Reglugerð.**

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem um með hvað hætti skila beri umsókn um greiðslur í sorgarleyfi, sbr. 12. gr., eða um greiðslur sorgarstyrks, sbr. 24. gr., til Vinnuálastofnunar.

□ Ráðherra sem fer með tekjuöflun ríkisins skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð ofgreiðslna í sorgarleyfi eða ofgreidds sorgarstyrks skv. 3. mgr. 28. gr.

■ **37. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og eiga við um foreldra sem verða fyrir barnsmíssi 1. janúar 2023 eða síðar. Sama á við um andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu.

■ **38. gr. Breyting á öðrum lögum. . . .**

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Þrátt fyrir a–c-lið 2. tölul. 38. gr. skal foreldri sem þegar nýtur greiðslna á grundvelli 7. mgr. 8. gr., 6. mgr. 14. gr. eða 7. mgr. 19. gr. laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, við gildistöku laga þessara eiga rétt á að fullnýta rétt sinn samkvæmt því ákvæði sem um ræðir hverju sinni.